



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Sími 5806300, Símbref 5806301, www.veidimal.is

Árleyri 22, 112 Reykjavík

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík 28 mars 2014

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Þingskjal 609 - mál 319.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Veiðimálastofnunar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem snúa að fiskeldi. Breytingarnar fela einkum í sér einföldun í umsóknarferli starfs- og rekstrarleyfa og í eftirliti með fiskeldi.

Veiðimálastofnun styður að umsóknarferli séu skilverk og eins einföld og hægt er án þess þó að það koma niður á vandaðri vinnu þegar umsóknir eru metnar. Sama á við um eftirlit. Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Í 1. grein frumvarpsins er „burðarþolsmat“ skilgreint. Orðið burðarþol er einkum notað í byggingarverkfræði um styrk húsa og annarra mannvirkja. Þar sem um líffræðilegt þol er að ræða er betra að nota burðargeta (á ensku er talað um carrying capacity).

Í 2. grein frumvarpsins er hlutverk Fiskistofu er lítur að ýmsu í fiskeldi fært til Matvælastofnunar. Í sumum tilfellum getur þessi flutningur orkað tvímælis. Í vinnu Fiskistofu er ýmsir verkferlar sem henta fiskeldi betur en verkferlar innan Matvælastofnunar. Til dæmis eru afladagbækur fiskveiðiskipa náskyldar í eðli sínu dagbók sem halda þarf um fiskeldi. Fiskistofa býr yfir öflugum kerfi til að meðhöndla slík gögn. Norðmenn hafa tekið upp rafræna eldisdagbók sem fiskeldisfyrirtækjum þar í landi er skylt að halda og auðveldar stórum allt eftirlit. Í öðrum tilfellum er það hlutverk Fiskistofu að hlutast til um mál eins og að leyfa veiðar í sjó eða árósum ef að eldisfiskur sleppur og leitar í ár. Þetta á til að mynda við 13. gr. laga um fiskeldi og er rétt að

Fiskistofa hafi áfram það hlutverk. Stjórnvöld hér á landi hafa ekki yfir kunnáttu að ráða er kemur að eftirliti með gerð, frágangi og viðhaldi sjókvía, en mjög brýnt er að vel sé að þeim þáttum gætt. Koma þarf upp þeirri þekkingu hjá eftirlitsaðila hvort heldur er í opinberri eftirlitsstofnun eða hjá einkafyrirtækjum sem gætu sinnt slíku eftirliti í verktöku.

9. grein b. liður. Að fara fram á tryggingu vegna þessa er til mikilla bóta. Hins vegar kanna að vera erfitt að meta tjón sem að fiskeldi getur hlotist þar sem afleiðingar þess geta komið á lögnum tíma og fjarri þeim stað sem eldi er stundað á. Þekking á afleiðingum, t.d. vegna áhrifa á erfðafræði villtra laxastofna, affalla vegna laxalúsar og sjúkdóma er enn að aukast.

10. grein. Það væri til bóta ef hér eða annars staðar í lögnum eigi ekki einnig að vera heimild til að minnka framleiðslumagn eða stöðva framleiðslu innan eðlilegs tíma ef um mikil neikvæð umhverfisáhrif sem stafa af eldinu koma í ljós.

11. grein. b.liður. Fella ætti þessa undanþáguheimild úr lögum. Umhverfisáhrif geta verið afar ólík eftir hvaða tegund er í eldi. Þegar sótt er um leyfi fyrir eldi á ákveðinni tegund er mat á áhrifum eldisins á umhverfið metið á þeim forsendum. Að flytja aðra tegund inn á eldissvæðið kallar á nýtt mat.

Í 12. grein er fjallað um umhverfissjóð sjókvíaeldis. Stofnun hans er jákvæð. Spurning er hvort árgjald eigi að binda í lögum, betra gæti reynst að hafa slík ákvæði í reglugerð og einnig vekur athygli að gjaldið miðast við erlenda myntvog. Einnig er spurning hvort að sjóðurinn eigi ekki að ná til alls fiskeldis, en miðast ekki eingöngu við sjókvíaeldi.

Í 15. grein er gert ráð fyrir að öll starfsleyfi færast til Umhverfisstofnunar en nú eru minni leyfi afgreidd af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Þessi breyting er löngu tímabær og bætir mikið skilvirkni og yfirsýn í stjórnsýslu málaflokksins.

Í heild eru fjölmörg ákvæði frumvarpsins til bóta. Eftir stendur að lög um fiskeldi eru að stofni til gömul og löggjöf í nágrannalöndum um margt orðin betri einkum er lítur að umhverfiskröfum. Í mörgu tilliti eru kröfur neytendamarkaðsins um umhverfislega þætti að aukast og því er tækifæri fyrir íslenskt fiskeldi, sem er í sinni þriðju tilraun til uppbyggingar, að taka tillit þessara auknu umhverfiskrafna frá byrjun. Samkeppnisstaða Íslands er að mörgu leyti erfið og því er tækifæri til þess að haga lögum og reglum í takt við það sem best gerist og í takt við kröfur um að takmarka neikvæð umhverfisáhrif og ná þannig forskoti á mörkuðum. Sjókvíaeldi er um margt erfitt í umhverfislegu tilliti. Mjög

mikill lífmassi er á litlum stað þar eldisdýrin eru í opnu umhverfi. Sníkjudýr og sjúkdómsvaldar eiga greiða leið að og frá eldisdýrunum og geta magnast upp. Ofan á þetta bætist að fiskar geta sloppið út í náttúruna og haft neikvæða áhrif á náttúru og þá nýtingu sem fyrir er. Alvarlegust er hættan af erfðablöndun við náttúrulega stofna eins og hjá laxi. Því er tímabært að fram fari heildarendurskoðun á lögum um fiskeldi. Auk þess er mjög mikilvægt að skýra hver fer með skipulagsvald í sjó utan netlaga. Frekari stoðum í lögum þarf einnig að koma undir strandsvæðastjórnun og skipulag. Þetta frumvarp er engu að síður til bóta að teknu tilliti til nokkurra þátta sem að framan eru nefndir.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðjónsson, forstjóri